

## Hverjir óttast mest afbrot á Íslandi?

Jónas Orri Jónasson  
*Félagsfræðingur*

Helgi Gunnlaugsson  
*Háskóla Íslands*

**Útdráttur:** Rannsóknir á ótta fólks við afbrot og mat á eigin öryggi hafa verið áberandi í afbrotufræðinni á síðustu áratugum. Í greininni er leitað svara við því hverjir það eru sem einna helst óttast afbrot og hvers vegna. Er öryggiskennd þeirra sem orðið hafa fyrir afbroti minni en þeirra sem enga reynslu hafa af afbrotum? Hver er öryggiskennd Íslendinga í samanburði við nágrannarþjóðir okkar? Rannsóknargögnin byggja á netmælingu sem framkvæmd var í byrjun árs 2012 og á eldri mælingum frá tímabilinu 1989-2002. Jafnframt er stuðst við alþjóðlega mælingu á öryggiskennd (ICVS) sem Ísland tók þátt í. Helstu niðurstöður eru þær að sömu þættir virðast hafa áhrif á öryggiskennd Íslendinga og fundist hafa erlendis. Konur, eldra fólk og íbúar á höfuðborgarsvæðinu óttast afbrot frekar en aðrir og aukin menntun virðist draga úr ótta. Reynsla af afbrotum hafði ekki áhrif á öryggiskennd. Öryggi Íslendinga mælist hátt í samanburði við aðrar þjóðir og hefur aukist frá því fyrsta mælingin var framkvæmd árið 1989.

*Lykilorð:* Öryggiskennd ■ afbrot ■ viðhorf ■ kyn ■ búseta ■ ótti við afbrot

**Abstract:** Research on the fear of crime and the public's perception of its own safety has been prominent in criminology. In this article answers will be sought as to whether the factors which have been found in other countries also affect fear of crime and public safety in Iceland. What social groups are most affected by fear of crime? Is public safety influenced by crime victimization experience? How does public safety in Iceland compare with other nations? The data is based on an online survey conducted by the Social Sciences Research Institute in early 2012 and four other surveys conducted in the time period 1989-2002. Moreover, international comparison will be performed utilizing the findings of the ICVS project which Iceland took part in. The main findings show that overall the same factors affect public safety in Iceland as has been the case elsewhere. Females, older citizens and urban residents are most affected by fear of crime. Experience of crime victimization does not seem to influence fear of crime. Public safety is high in Iceland in comparison to other nations and seems to be increasing since the first study was conducted in 1989.

*Keywords:* Public safety ■ crime ■ attitudes ■ gender ■ residence  
fear of crime ■ Iceland

## Inngangur

Ótti við að verða fyrir afbroti getur verið truflandi fyrir daglegt líf. Hræðsla af þessu tagi getur valdið því að einstaklingar breyti hegðun sinni (Garofalo, 1981; Gordon, LeBailly og Riger, 1982; Kennedy og Krahn, 1985; Pantazis, 2000). Götur sem virðast hættulegar eða staðir þar sem unglingar og gengi koma saman virka ógnvekjandi og borgararnir forðast þá (Kelling og Wilson, 1982; Kelling og Sousa, 2001). Sumir halda sig jafnvel alfarið heima á vissum tímum sólarhringsins (Pantazis, 2000). Ótti við afbrot getur því haft umtalsverð áhrif á lífsgæði fólks og ekki að undra að rannsóknir af þessu tagi hafi verið áberandi meðal fræðimanna á undanförunum árum (Hale, 1996; Clerici og Killias, 2000).

Mælingar á ótta eru framkvæmdar með ýmsum hætti og engin ein nálgun virðist ráðandi. Almennt hefur þó sýnt sig að ótti við afbrot tengist ókunnugum, þ.e. hræðslu borgaranna við að verða fyrir afbroti einhvers óþekkts aðila (Hale, 1996). Yfirleitt er ekki spurt beint hvort svarandi óttist afbrot eða hafi einhvern tíma óttast afbrot vegna hættu á afneitun svarenda, sérstaklega meðal karla (Farrall, 2004). Algengara er að spurt sé um mat á hættu eða tilfinningu svarenda um eigið öryggi í sínu nánasta umhverfi sem síðan er tengt ótta við afbrot. Mikilvægt er að spurningar af þessu tagi séu felldar inn í aðrar spurningar um afbrot til að svarendur sjái samhengi þeirra við afbrot og upplifun sína á þeim. Ef svarendur segjast óöruggir einir á gangi við tilteknar aðstæður er það jafnan túlkað sem vísbending um ótta við afbrot.

Ótti almennings við afbrot er algengur (t.d. European Commission, 2003; Widdop 2007) og nær til mun stærri hóps en þeirra sem hafa orðið fyrir afbrotum eða eiga eftir að verða þolendur afbrota einhvern tímann á ævinni (Hale, 1996; Zedner, 2002; Farrall, Gray og Jackson, 2009). Þess vegna er ljóst að ótti við afbrot þarf ekki að tengjast tíðni afbrota beint, heldur verður að líta á óttann sem sjálfstætt vandamál (Hale, 1996), sem í raun mætti telja stærra en afbrotin sjálf (Warr, 1985; Bennett, 1990). Fleiri þættir hafa því áhrif á mat almennings á eigið öryggi en afbrotin sjálf og tíðni þeirra (Balvig, 1990; Hale, 1996). Kelling og Wilson (1982) halda því fram að í hverfum þar sem ríkir mikil óregla og óreiða, svo sem rusl á götum eða veggjakrot, sé meiri ótti við afbrot. Einnig hefur það sýnt sig að umfjöllun fjölmiðla hefur áhrif á ótta almennings við afbrot (Heath og Rosenbaum, 1990), sér í lagi þegar fjallað er um óvenjulega og sjaldgæfa glæpi þar sem venjulegir borgarar eru fórnarlömbin (Ditton og Duffy, 1982; DeHart og Lee, 2007).

Rannsóknir sýna að ótti við afbrot er ekki jafnmikill meðal allra í samfélaginu (Ferraro, 1996). Jafnframt hefur komið fram að vissir hópar innan samfélagsins eru líklegri en aðrir til að segjast óöruggir einir á gangi við tilteknar aðstæður. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt kynjamun; að konur óttist frekar afbrot en karlar (Warr, 1984; Ferraro 1996; Pantazis, 2000; Tseloni og Zafaronitou, 2008; Cook og Fox, 2012). Ýmsar skýringar hafa komið fram í hverju munurinn liggur. Konur upplifi frekar varnarleysi úti á götu en karlar (Warr, 1984; Ferraro 1996) og félagsmótun þeirra er önnur en karla. Konum sé beinlínis kennt að vera varar um sig, treysta ekki ókunnugum og almennt vera meira á varðbergi úti við en karlar (Burt og Estep, 1981; Sacco, 1990; Stanko, 1994). Bent hefur verið á að þessi ótti sé viss þversögn, þar sem konur verða síður fyrir ofbeldi og öðrum glæpum úti á götu en karlar. Í stað þess að líta svo á að konur séu að tilgreina tilbúinn ótta hafa fræðimenn reynt að finna hvers vegna ótti mælist meiri meðal kvenna en karla. Fræðimenn sem aðhyllast femínisma hafa haldið því

fram að konur séu að láta í ljós raunverulegan ótta sem þær glíma við í daglegu lífi (Junger, 1987). Til að mynda eru konur líklegri en karlar til að vera þolendur nauðgana og annars kynferðisofbeldis hvort sem það er úti á götu, á vinnustað eða inni á heimilinu, en þetta er ótti sem karlar þurfa ekki að glíma við á sama hátt. Ótti kvenna við að lenda í aðstæðum af þessu tagi skapi því meiri ótta hjá þeim sem komi fram í minni öryggiskennd kvenna en karla (Gordon, LeBailly og Riger, 1978; Warr, 1985; Pain, 1995, 2001; Ferraro, 1996; Franklin og Franklin, 2009).

Aldur er annar þáttur sem sýnt hefur verið fram á að tengist ótta við afbrot (Hale 1996; Clerici og Killias 2000; Pantazis, 2000; Tseloni og Zarafonitou, 2008). Eldra fólk óttast afbrot frekar en þeir sem yngri eru, jafnvel þótt opinber gögn sýni að eldri borgarar séu sjaldnar þolendur afbrota. Sömuleiðis hefur verið sýnt fram á að þeir sem búa í þéttbýli óttast afbrot meira en íbúar í dreifbýli (Garofalo, 1981; Will og McGrath, 1995; Clerici og Killias 2000). Fátækt og lægri stéttarstaða hefur einnig verið talin auka líkurnar á því að einstaklingar óttist afbrot (Borooah og Carcach 1997; Pantazis, 2000). Tekjulágir hópar óttast afbrot frekar einkum vegna þess að þeir telja sig verr í stakk búna til að vernda eigur sínar og takast á við það tjón sem gæti orðið. Tryggingar og þjófavarnartæki eru oft ekki til staðar sem gerir tekjulægri hópa berskjaldaðri fyrir brotum og dregur úr öryggiskennd þeirra (Farrall, Gray og Jackson, 2011). Meiri líkur eru á því að tekjulægri einstaklingar þurfi að notast við almenningssamgöngur og ferðast um óhrjállegri hverfi seint á kvöldin sem einnig ýtir undir ótta (Pantazis, 2000).

Til viðbótar því að tekjur hafi áhrif á ótta við afbrot hafa rannsóknir sýnt að einstaklingar með styttri skólagöngu að baki óttast afbrot í ríkari mæli en langskólagengnir (t.d. Covington og Taylor, 1991; Adams og Serpe, 2000). Áhrifin eru þó umdeild. Fræðimenn hafa bent á að áhrif menntunar séu lítil í samanburði við áhrif kyns, aldurs og annarra einstaklingsbundinna þátta eins og líkamlegs styrks (Clerici og Killias 2000). Menntunarbreytan er þó nátengd tekjum og stéttarstöðu einstaklingsins og er oft notuð sem samsett breyta til að mæla félagsstöðu borgaranna (e. *socio-economic status*) (Scott, 2003). Bent hefur verið á að styttri skólaganga hafi ekki bein áhrif á ótta og að frekar eigi að horfa til þess að þeir sem hafi lægri tekjur og minni menntun búi í lakari hverfum sem auki á ótta (Clerici og Killias 2000).

Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að þolendur afbrota eða þeir sem þekkja einhvern sem orðið hefur fyrir afbroti eru líklegri til að láta í ljós ótta við afbrot (Balkin, 1979; Maxfield og Skogan, 1981; Gomme, 1988; Swaray, 2007). Aftur á móti hafa aðrir bent á að tengslin séu ekki sterk á milli þess að verða fyrir afbroti og að óttast þau (Bennett og Flavin, 1994; Giacomazzi, McGarrell, og Thurman, 1997; Cook og Fox, 2012). Tengslin séu sterkari í gegnum óbeina upplifun af afbrotum, til dæmis í gegnum fjölmiðla, aðra fjölskyldumeðlimi eða nágranna (Covington og Taylor, 1991; Ferraro, 1996, Hayman, 2011). Óbein tengsl afbrota og ótta skýri til að mynda hvers vegna eldri konur óttast afbrot meira en ungir karlmenn. Eldri konur komast óbeint í snertingu við afbrot gegnum fjölmiðla eða einhverja sér nákomna sem veldur þeim ótta þótt þær verði síður beint fyrir afbrotum en karlar.

Að lokum er áhugavert að bera saman ótta við afbrot eftir löndum. Rannsóknir hafa sýnt að ótti við afbrot er minni í löndum sem eru einsleit og fámenn (Adler, 1983). Sú skýring hefur verið nefnd að smæð samfélagsins dragi úr ótta vegna þess að tengsl milli íbúa séu traustari en í fjölmennari og margleitari samfélögum og afbrot að jafnaði færri (Christie, 1993). Jafnframt hefur verið bent á að í fámennari og einsleitari samfélögum sé meira traust á

lögreglu og samband þegnanna við hana mögulega betra en í stærri og flóknari samfélögum (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Fjölbjóðlegar rannsóknir á ótta við afbrot eru því mikilvægar til að varpa ljósi á þennan ótta í ólíkum löndum. Almenn tætti gera ráð fyrir meiri öryggiskennd borgaranna í fámennari og einsleitari samfélögum en í fjölmennari og flóknari tegundum samfélaga. Jafnframt að þeir sem hafi orðið fyrir afbrotum hefðu minni öryggiskennd en þeir sem ekki hafa orðið þolendur afbrota. Rannsóknir hafa þó sýnt að reynsla af afbrotum spáir ekki endilega fyrir um ótta við afbrot og öryggiskennd íbúa í samfélögum með háa tíðni afbrota þarf því ekki að vera minni. Ekki er því sjálfgefið að öryggiskennd sé meiri í fámennari samfélögum en þeim fjölmennari. Mælingar á öryggiskennd borgaranna á Íslandi eru því óneitanlega mikilvægar til að varpa ljósi á spurninguna.

### Ótti við afbrot á Íslandi

Fyrsta íslenska rannsóknin á viðhorfum og ótta almennings við afbrot var framkvæmd árið 1989 (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Mælingar af þessu tagi hafa verið gerðar reglulega upp frá því (t.d. Helgi Gunnlaugsson, 2008; Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005; Snorri Örn Árnason, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2012). Ótti við afbrot hér á landi hefur jafnan verið skilgreindur út frá öryggiskennd svarenda í byggðarlagi sínu eða í miðborg Reykjavíkur. Spurningin er iðulega felld inn í fleiri spurningar um málefni er tengjast afbrotum og reynslu af þeim sem setur tóninn fyrir samhengi og merkingu spurningarinnar. Athygli vekur að öryggiskennd almennings virðist hafa aukist frá því að fyrsta mælingin var gerð árið 1989. Þá taldi rúmur fjórðungur aðspurðra sig vera frekar eða mjög óöruggan einn á gangi seint að kvöldlagi í eigin byggðarlagi (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Árið 2011 voru aftur á móti mun færri óöruggir eða aðeins um 16% svarenda sem töldu sig mjög eða frekar óörugga eina á gangi seint að kvöldlagi í eigin byggðarlagi.

Niðurstöður íslenskra rannsókna sýna að sömu atriði virðast tengjast skorti á öryggiskennd hér á landi og koma jafnan fram í erlendum rannsóknum. Fleiri konur en karlar mælast óöruggari einar á gangi að kvöldlagi í sinni heimabyggð, auk þess sem eldra fólk er óöruggara (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 2005; Snorri Örn Árnason o.fl., 2012). Aftur á móti hafa tengsl kyns og aldurs á öryggiskennd ekki verið mæld saman né hvernig búseta hefur áhrif á kynin og ólíka aldurshópa. Með því að beita lógístískri aðhvarfsgreiningu á ný íslensk gögn mun rannsóknin sem hér er greint frá dýpka fyrri mælingar og koma með nýja túlkun á því hvað veldur ótta og óöryggi. Jafnframt verður hægt að meta nánar muninn á öryggiskennd ólíkra þjóðfélagshópa út frá líkindum (e. *odds*). Unnt er að reikna út hver líkindin eru á því að konur og karlar finni til óöryggis. Á sama hátt er hægt að meta öryggiskennd eftir búsetu fólks og aldri. Hversu líklegri eru konur eða þeir sem búa í þéttbýli að finna til óöryggis en karlar eða þeir sem búa í dreifbýli? Hversu líklegir eru eldri borgarar til að finna til óöryggis í samanburði við þá sem yngri eru? Í framhaldi skoðum við áhrif menntunar, tekna og atvinnu á öryggiskennd fólks. Rannsóknir sem þessar eru mikilvægar í ljósi þess hve ótti við afbrot virðist útbreiddur og jafnvel meiri en afbrotatíðnin sjálf. Af þeim sökum er brýnt að greina hverjir það eru sem einna helst óttast afbrot og hvers vegna. Jafnframt er áhugavert að sjá hvort reynsla fólks af afbrotum hafi áhrif á öryggiskennd. Er öryggiskennd þeirra sem orðið

hafa fyrir afbroti minni en þeirra sem enga reynslu hafa af afbrotum? Hversu sterk er öryggiskennd Íslendinga í samanburði við nágrannaþjóðir okkar?

## Gögn og aðferð

Niðurstöðurnar byggjast á netkönnun sem gerð var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í desember 2011 og janúar 2012. Alls svöruðu 1198 einstaklingar á aldrinum 18-74 ára könnuninni og endurspegluðu svarendur íbúa landsins á fullnægjandi hátt hvað snertir kyn, aldur og búsetu, eins og sést á töflu 1 (Hagstofa Íslands, 2012).

## Háða breytan

Háða breytan er ótti við afbrot sem mældur er með spurningunni: „Hversu örugga/n eða óörugga/n telur þú þig vera eina/n á gangi seint að kvöldlagi í þínu byggðarlagi?“. Fjórir valmöguleikar voru tilgreindir: 1 = mjög örugga/n, 2 = frekar örugga/n, 3 = frekar óörugga/n og 4 = mjög óörugga/n. Þar sem notast er við lógístíska aðhvarfsgreiningu var breytan kóðuð í tvíkostabreytu (e. *dummy*), þar sem 1 og 2 fengu gildið 0 (örugg) og 3 og 4 fá gildið 1 (óörugg).

Algengt er að rannsakendur notist við fyrrgreinda spurningu í rannsóknum sínum á óöryggi og ótta við afbrot eins og sjá má í fyrri mælingum Helga Gunnlaugssonar (2008) og í alþjóðlegu þolendarannsókninni (International Crime Victim Survey; Smit, van Dijk og van Kesteren, 2007) sem veitir mikilvægan samanburð milli landa. Gögnin úr mælingunni verða jafnframt greind á annan og dýpri hátt en fyrri rannsóknir hafa gert með því að beita lógístískri aðhvarfsgreiningu sem gerir okkur kleift að meta sameiginleg áhrif mismunandi breyta á öryggiskennd.

Í framhaldi er gerður samanburður á milli útkomu þessarar nýju mælingar og útkomu fjögurra eldri mælinga sem Helgi Gunnlaugsson (2008) stóð að á tímabilinu 1989-2002 í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Nákvæmlega sama spurning um öryggiskennd borgaranna í sinni heimabyggð var lögð fyrir úrtak Íslendinga á aldrinum 18-74 ára árin 1989, 1994, 1997 og 2002. Munurinn á framkvæmd þeirra og mælingarinnar 2011-2012 sem tekin er fyrir hér er einkum sá að stuðst var við símakönnun í eldri mælingunum en í þeirri nýjustu var notast við netpanel. Að öðru leyti eru mælingarnar eins og gefst því möguleiki á að sjá hvort og hvernig öryggiskennd Íslendinga hefur þróast á tímabilinu 1989-2012.

## Óháðu breytur

Kyn var mælt með spurningunni „Ertu „karl eða kona?“ og breytan kóðuð í tvíkostabreytu þar sem konur fengu gildið 1 og karlar 0. Aldur er mældur í árum. Viðmælendur voru spurðir um fæðingarár og aldur var síðan reiknaður út frá því og miðað við árið 2011. Búseta er tvískipt breyta, viðmælendur voru annars vegar af höfuðborgarsvæðinu og hins vegar af landsbyggðinni. Breytan var einnig kóðuð þannig að landsbyggðin fékk gildið 0 og höfuðborgarsvæðið 1. Hæsta menntunargráða var kóðuð í þrjár tvíkostabreytur; framhaldsskóli eða sambærilegt nám, grunntmenntun úr háskóla og framhaldsmenntun úr háskóla. Grunnskóla-menntun (eða sambærileg menntun) og starfsnám fékk alltaf gildið 0. Atvinnustaða var kóðuð í annars vegar þá sem eru í launaðri vinnu (sem fá gildið 1) og hins vegar þá sem eru utan

vinnumarkaðar (sem fá gildið 0). Að lokum var spurt um hvort viðmælandi hefði orðið fyrir afbroti eða þekkti einhvern sem hafði orðið fyrir afbroti á síðastliðnum 12 mánuðum og gátu viðmælendur svarað með já og nei. Þeir sem ekki höfðu orðið fyrir afbroti voru kóðaðir með 0 en þeir sem höfðu orðið fyrir afbroti eða þekktu einhvern fengu gildið 1.

## Tilgátur

Eins og fram kom hér að framan hafa rannsóknir sýnt að kyn, aldur, menntun og atvinnustaða hafa áhrif á öryggiskennd. Gera má því ráð fyrir að konur séu marktækt líklegri til þess að óttast afbrot en karlar og sama eigi við um eldri svarendur í samanburði við þá yngri. Sömuleiðis má reikna með því að þeir sem búsettir eru í þéttbýli muni sýna marktækt meiri ótta við afbrot en íbúar á landsbyggðinni. Jafnframt er líklegt að hærri menntunargráða og staða á vinnumarkaði (þ.e. að vera í vinnu) muni hafa neikvæð áhrif á ótta við afbrot, það er að einstaklingar í vinnu og einstaklingar sem lokið hafa hærri námsgráðu muni sýna minni ótta við afbrot en einstaklingar utan vinnumarkaðar og þeir sem hafa styttri skólagöngu að baki. Menntun segir til um stéttarstöðu einstaklings, það er styttri menntun þýðir lægri stéttarstaða, og hafa fyrri rannsóknir sýnt fram á að hærri stéttarstaða dregur úr ótta við afbrot. Auk þess hefur oft verið stuðst við tekjur, en þar sem svarhlutfallið við þeirri spurningu var mjög lágt ( $n=643$ ) var henni sleppt í þessari greiningu. Styttri menntun og lægri laun þýða því lægri stéttarstöðu sem fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að dragi úr öryggiskennd fólks. Jafnframt mætti búast við því að þeir sem hafa orðið fyrir afbroti muni upplifa sig óöruggari en þeir sem enga slíka reynslu hafa.


## Niðurstöður

Tafla 1 sýnir lýsandi tölfræði í úrtakinu. Eins og sést á henni var kynjaskiptingin nokkuð jöfn. Alls um 52% svarenda voru karlar og 48% konur sem svipar til kynjaskiptingu þýðis (Hagstofa Íslands, 2012). Meðalaldurinn var 48 ára og þjuggu um tveir þriðju hlutar svarenda á höfuðborgarsvæðinu og um þriðjungur á landsbyggðinni. Hvað menntun varðar höfðu um 16% lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu námi (eins og landsprófi og gagnfræðaprófi), tæpur fjórðungur hafði lokið starfsnámi, fimmtungur framhaldsskólaprófi, rúmur fjórðungur hafði lokið grunnnámi úr háskóla og um 15% höfðu lokið framhaldsnámi. Um 70% svarenda voru á vinnumarkaði. Af svarendum höfðu um 11% orðið fyrir (eða þekktu einhvern sem hafði orðið fyrir) afbroti á síðastliðnum 12 mánuðum og kærðu um 60% þeirra brotið til lögreglu. Mikill meirihluti svarenda sagðist vera mjög eða frekar öruggur á gangi seint að kvöldlagi í eigin byggðarlagi eða um 84%.

Eins og kemur fram á mynd 1 telur mikill meirihluti íbúanna (um 84%) sig vera mjög eða frekar öruggan einan á gangi að kvöldlagi í eigin byggðarlagi. Eins og sést á myndinni hefur öryggi borgaranna í eigin byggðarlagi aukist töluvert frá fyrstu mælingum. Árið 1989 töldu um 74% þjóðarinnar sig örugg og hélst það hlutfall nokkuð óbreytt milli mælinga til ársins 2002 þegar öryggi jókst og mældist um 84%. Öryggiskennd borgaranna mælist svo sama árið 2011. Helsti munurinn milli þessara ára er að fleiri telja sig mjög örugga á gangi í eigin byggðarlagi árið 2002 en árið 2011. Öryggiskennd Íslendinga hefur því aukist um tíu prósentustig frá fyrstu mælingu.

**Tafla 1.** Lýsandi tölfræði fyrir breyturnar í jöfnu

Nafn á breytu	Prósenta/meðaltal/staðalfrávik
<b>Óháðar breytur</b>	
Kyn (%)	
Karlar	52,0
Konur	48,0
Aldur (meðaltal og staðalfrávik)	48,3 (14,98)
Búseta (%)	
Höfuðborgarsvæðið	62,9
Landsbyggðin	37,1
Hæsta prófgráða (%)	
Grunnskólamenntun	15,9
Starfsnám	23,5
Framhaldskólamenntun	20,3
Grunnmenntun úr háskóla	25,7
Framhaldsmenntun úr háskóla	14,6
Staða á vinnumarkaði (%)	
Í vinnu	70,3
Ekki í vinnu	29,7
Orðið fyrir (eða þekkt einhvern sem orðið hefur fyrir) afbroti	
Já	10,9
Nei	89,1
<b>Háða breytan</b>	
Öryggi á gangi seint að kvöldlagi (%)	
Mjög örugg/ur	31,4
Frekar örugg/ur	52,6
Frekar óörugg/ur	11,5
Mjög óörugg/ur	4,5



**Mynd 1.** Hversu örugga(n) eða óörugga(n) telur þú þig vera eina(n) á gangi að næturlagi í þínu byggðarlagi? Hlutfallstölur. Greint eftir árum  
Skýringar: \*Helgi Gunnlaugsson (2008).

**Tafla 2.** Niðurstöður lógískrar aðhvarfsgreiningar á ótta við afbrot

Háðar breytur	Hallatala	Odds ratio
Kyn (konur = 1)	0,979***	2,661***
Aldur (mældur í árum)	0,028***	1,028***
Búseta (höfuðborgarsvæðið = 1)	1,336***	3,802***
Hæsta menntunargráða		
Framhaldsskóli	-0,450*	0,637*
Grunnmenntun úr háskóla	-0,443*	0,642*
Framhaldsmenntun úr háskóla	-0,863***	0,422***
Atvinnustaða (í vinnu = 1)	-0,239	0,976
Brotþoli (Já = 1)	0,123	1,130

*n* = 981

Skýringar: \* $p < 0,1$  \*\* $p < 0,05$  \*\*\* $p < 0,01$



Tafla 2 sýnir niðurstöður lógistískrar aðhvarfsgreiningar á óttanum við afbrot fyrir mælinguna sem gerð var árið 2011-12. Þessari aðferð hefur ekki verið beitt á gögn fyrri ára svo samanburður við þau er ekki gerður hérna. Aftur á móti er áhugavert að greina nýjustu gögnin með þessum hætti til að fá ítarlegri mynd af áhrifum ólíkra breyta á öryggiskennd. Eins og fram kemur í töflu 2 staðfesta niðurstöðurnar fyrri rannsóknir. Konur, eldra fólk og einstaklingar sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til þess að óttast afbrot og er munurinn marktækur.

Jafnframt kemur í ljós marktækur munur á menntun. Eftir því sem einstaklingur hefur lengri skólagöngu að baki dregur úr líkindum á því að hann óttist afbrot. Áhugavert er að sjá í töflunni að reynsla af afbrotum virðist ekki hafa áhrif á öryggiskennd og ótta við afbrot. Einstaklingur sem orðið hefur beint eða óbeint fyrir afbroti hefur ekki marktækt minni öryggiskennd en sá sem ekki hefur orðið fyrir afbroti. Staða á vinnumarkaði virðist sömuleiðis ekki hafa áhrif á mat á öryggiskennd.


Niðurstöðurnar sýna enn fremur að líkindin á að konur óttist afbrot eru meira en tvisvar sinnum (2,6) meiri en fyrir karla og eru niðurstöðurnar marktækar. Jafnframt kemur fram að fyrir hvert ár sem einstaklingur eldist aukast líkindin á ótta við afbrot um 3%. Mestur er munurinn á búsetu, en líkindin á ótta við afbrot eru tæplega fjórum sinnum (3,8) meiri fyrir einstaklinga búsetta á höfuðborgarsvæðinu. Ef einstaklingurinn er búsettur á höfuðborgarsvæðinu aukast líkindin á ótta við afbrot um 280%, sem er veruleg aukning.

Líkurnar á ótta við afbrot minnka eftir því sem prófgráða sem einstaklingur hefur lokið hækkar. Hæsta marktæknin er á sambandi ótta við afbrot og framhaldsmenntunar úr háskóla. Meistaránám eða hærri gráða úr háskóla minnkar líkindin á ótta við afbrot um 58%. Sama má segja um framhaldsskólamenntun og grunnmenntun úr háskóla. Ljúki einstaklingur framhaldsskólamenntun minnka líkindin á ótta við afbrot um 36% og ljúki hann/hún grunnmenntun úr háskóla minnka líkindin einnig um 36%. Eins og fram kom hér að framan sýnir þessi jafna ekki fram á marktæk áhrif þess að hafa orðið fyrir afbroti eða þekkt einhvern sem hefur orðið fyrir afbroti á síðastliðnum 12 mánuðum eða stöðu einstaklings á vinnumarkaði.


Út frá þessum niðurstöðum er hægt að reikna forspárlíkindi (e. *predicted probabilities*), þ.e. nota breyturnar til þess að reikna út líkindin<sup>1</sup> á því að tiltekinn einstaklingur (eftir t.d. kyni, aldri, menntun o.s.frv.) óttist afbrot. Þannig getum við til dæmis reiknað út líkindin á ótta karlmanns sem hefur takmarkaða skólagöngu, er á miðjum aldri (48 ára í þessu úrtaki), hefur lokið skyldunámi, býr úti á landi, er ekki í vinnu og hefur ekki orðið fyrir afbroti. Hann fær gildið 0 á öllum tvíkostabreytum. Gerum það sama nema fyrir konu (þannig að inn í jöfnuna bætist 0,979). Eins og við sjáum á mynd 2 aukast líkendi á ótta við afbrot um 14% fyrir konu á miðjum aldri en fyrir karla á sama aldri aðeins um 6%.

Þar sem búseta hefur eins mikil áhrif og raun ber vitni er áhugavert að reikna út forspárlíkindi fyrir karlmann á miðjum aldri sem búsettur er á höfuðborgarsvæðinu (en fær gildið 0 á öðrum breytum) og svo fyrir konu. Mynd 2 sýnir okkur að búseta eykur líkindin á ótta við afbrot mjög mikið. Líkindin á ótta aukast um 18% fyrir karlmann búsettan á höfuðborgarsvæðinu og fyrir konu aukast þau um 66%, eins og mynd 2 sýnir fram á.

Árið 2005 var framkvæmd alþjóðleg rannsókn á þolendum afbrota og öðrum þáttum tengdum afbrotum, s.s. mat á öryggiskennd og var Ísland á meðal þátttakenda (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 2005). Rannsóknin var framkvæmd í fjölda landa og hefur verið nefnd alþjóðlega þolendarannsóknin (International Crime Victimization Survey; ICVS). Á mynd 3 sjáum við hvernig Ísland kom út í samanburði við önnur lönd.



**Mynd 2.** Ótti almennings við afbrot. Hlutfallstölur



**Mynd 3.** Ótti almennings við afbrot í nokkrum löndum. Hlutfallstölur

Eins og sést á myndinni kemur fram að öryggi mældist töluvert meira á Íslandi en í öðrum vestrænum ríkjum. Að jafnaði sögðust um það bil 27% íbúa þeirra landa sem tóku þátt í rannsókninni óörugg ein á gangi í eigin byggðarlagi að kvöldlagi. Aftur á móti sögðust aðeins 6% Íslendinga vera óörugg og var það lægsta hlutfallið af öllum ríkjunum sem tóku þátt, eins og sést á myndinni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að einstaklingar sem búa í stærstu borgunum eru líklegri til að vera óöruggir (að meðaltali 32% íbúa). Óöryggi mældist minna á Norðurlöndunum, Kanada og Hollandi, en langmest í Búlgaríu þar sem riflega helmingur íbúa taldi sig vera mjög eða frekar óöruggan.

Eins og mynd 3 sýnir hefur Ísland því sérstöðu á listanum. Hvergi mælist öryggiskennd meiri en hér á landi. Reyndar hefur öryggiskennd hvorki fyrr né síðar mælst hærrí á Íslandi en 2005 eins og fram kom hér að framan. Aðrar mælingar hér á landi bæði, fyrir og eftir 2005 sýna, þó að öryggiskennd íbúa mælist há á Íslandi í samanburði við aðrar þjóðir.

## Samantekt og umræða

Markmið rannsóknarinnar var að meta ótta almennings við afbrot eftir vissum félagslegum áhrifaþáttum. Einkum var stuðst við netmælingu sem unnin var í samstarfi við Félagsvísindastofnun í lok árs 2011 og í byrjun árs 2012. Fyrri rannsóknir höfðu sýnt að með því að notast við spurninguna: „Hversu örugga/n eða óörugga/n telur þú þig vera eina/n á gangi seint að kvöldlagi í þínu byggðarlagi?“ væri hægt að meta ótta almennings við afbrot (Hale, 1996; Pantazis, 2000). Spurningin er þó afmörkuð og mælir aðeins öryggiskennd svarenda á götu úti í sinni heimabyggð, en síður almennan ótta við að verða fyrir afbroti eða tilfinningalegan ótta vegna afbrota (Nieuwbeerta, Mayhew og van Kesteren, 2000). Eigi að síður gefur spurningin mikilvægar vísbendingar um mat almennings á öryggi í sínu nánasta umhverfi og hefur iðulega verið notuð sem vísbending um ótta við afbrot. Sér í lagi er mikilvægt, eins og gert var hér, að hafa spurninguna með fleiri spurningum um afbrot og reynslu af þeim til að merkning hennar og tenging við afbrot verði skýrari í vitund svarenda. Í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýna að kyn, aldur, búseta, menntun, og atvinnustaða hafa áhrif á öryggiskennd voru þessar breytur sérstaklega skoðaðar. Til viðbótar var kannað hvort reynsla af afbrotum hefði áhrif á öryggiskennd svarenda.

Rannsóknin styður flestar tilgáturnar um hvaða þættir hafa áhrif á ótta. Búseta virðist hafa sterkustu áhrifin, það er að einstaklingar sem búa á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að óttast afbrot en þeir sem búa á landsbyggðinni. Auk þess hafa kyn og aldur nokkuð mikil áhrif; konur og eldra fólk óttast afbrot frekar en aðrir. Hins vegar dregur aukin menntun úr óttanum. Fyrri reynsla af afbrotum hefur ekki marktæk áhrif á ótta við afbrot í þessari rannsókn. Það kemur að nokkru leyti heim og saman við fyrri rannsóknir, sem ber ekki alveg saman um þau áhrif sem fyrri reynsla hefur á ótta. Meginniðurstaðan er þó sú sama, þ.e. ótti við afbrot fer mjög eftir aldri, kyni og búsetu. Auk þess eykst öryggiskennd fólks með lengri skólagöngu. Það sem kemur líklega meira á óvart er að öryggi Íslendinga virðist hafa aukist undanfarin ár eða frá því fyrsta mælingin var framkvæmd árið 1989.

Ótti við afbrot var metinn út frá öryggiskennd svarenda gagnvart því að ganga einir að kvöldlagi í byggðarlagi sínu. Ekki var spurt beint um ótta við afbrot og ekki hvort svarendur hefðu einhvern tíma fundið til ótta vegna afbrota. Hugsanlega hefur framsetning spurninga áhrif á hvernig svarendur svara spurningum af þessu tagi. Eins og fram kom hér að framan

hefur þó skapast ákveðin hefð fyrir því að mæla ótta við afbrot út frá öryggistilfinningu svarenda í sínu nánasta umhverfi og var stuðst við þá nálgun hér. Athygli vekur að sú reynsla að hafa orðið fyrir afbroti virðist ekki draga úr öryggiskennd svarenda. Áhugavert væri að skoða afstöðu svarenda með tilliti til þess hvort þeir hafi sjálfir orðið fyrir broti á móti því hvort þeir þekkti einhvern sem orðið hefur fyrir afbroti. Fræðimönnum ber ekki saman um hvort bein eða óbein kynni af afbrotum vegi þyngra varðandi öryggiskennd (Balkin, 1979; Maxfield og Skogan, 1981; Bennett og Flavin, 1994; Gomme, 1988; Giacomazzi, McGarrell og Thurman, 1997; Swaray, 2007). Stundum er því notast við tvær spurningar um beina og óbeina reynslu af afbrotum til þess að skoða sambandið. Með því að skipta spurningunni í tvennt hefðu niðurstöðurnar hugsanlega getað breyst.

Rannsóknin staðfestir fyrri mælingar sem sýna að konur eru marktækt hræddari við afbrot en karlar. Mikilvægt er að greina tengslin enn frekar til að átta sig betur á því hvað býr að baki. Er hér um vanmat karla að ræða eða veigra þeir sér við að viðurkenna óöryggi sitt? Er óöryggi einfaldlega hluti af daglegu lífi kvenna? Rannsóknir sýna að konur verða frekar fyrir kynferðislegu áreiti í daglegu lífi (Pain, 1995) og sú áhætta að verða nauðgað eða misnotuð kynferðislega er að jafnaði talin meiri meðal kvenna en karla (Ferraro 1996; Gordon o.fl. 1978; Pain, 1995; Warr, 1985). Reynsla og mótun af þessu tagi hefur vafalítið áhrif á upplifun kvenna og skýrir örugglega að einhverju leyti minni öryggiskennd þeirra í samanburði við karla.

Öryggi á Íslandi mældist heldur lægra árin 2002 og 2011 en 2005. Í alþjóðlegu mælingunni árið 2005 sögðust aðeins 6% finna til óöryggis ein á gangi að kvöldlagi en 16% árin 2002 og 2011. Öryggi almennings virðist því taka kipp upp á við milli áranna 2002 og 2005, en minnkar aftur árið 2011 og verður þá svipað og 2002. Þessi heldur minni öryggiskennd sem mælist eftir 2005 kemur einnig fram í mælingu Snorra Arnars Árnasonar o.fl. (2012) og Rannveigar Þórisdóttur og Benjamíns Gíslasonar (2007) á öryggi höfuðborgarþéttbýlis, þar sem öryggi mælist hærra árið 2007 en árið 2011. Öryggi þjóðarinnar í sinni heimabyggð hefur þó greinilega aukist töluvert frá fyrstu mælingu árið 1989 og í alþjóðlegu samhengi mælist öryggiskennd almennings á Íslandi mjög hátt í öllum mælingunum.

Meiri öryggiskennd meðal Íslendinga en annarra þjóða þarf ekki að koma á óvart. Í afbrotafræðinni hefur iðulega verið bent á að í fámennari og einsleitari samfélögum megi jafnframt búast við bæði færri alvarlegum afbrotum og meiri öryggiskennd borgaranna (Adler, 1983). Íslendingar eru fámenn þjóð og tiltölulega einsleit, sem vafalítið hefur einhver áhrif. Öryggi íbúa í sínu hverfi eða byggðalagi mælist því hátt á Íslandi og hærra en fram kemur í fjölmennari samfélögum með flóknari samsetningu mannfjölda og þéttari byggð en hér á landi. Það sem kemur meira á óvart er að öryggiskennd virðist heldur hafa aukist á Íslandi á síðustu áratugum á sama tíma og þéttbýlismyndun hefur vaxið og samsetning mannfjöldans orðið flóknari með fleiri innflytjendum. Áhugavert væri að rannsaka þróun öryggiskenndar nánar, ekki síst með tilliti til félagslegrar samsetningar ólíkra hverfa og byggðarlaga gegnum tíðina.

Í framhaldi af þessari rannsókn væri æskilegt að notast við fleiri og víðtækari spurningar til að mæla ótta. Líklegt er að sú spurning sem notuð var í þessari rannsókn mæli aðeins ótta við götuglæpi enda tiltekur hún vettvanginn sérstaklega. Mælingin segir því væntanlega lítið um almennan ótta við að verða fyrir afbroti eða tilfinningalegan ótta gagnvart afbrotum sem einstaklingar gætu upplifað (Nieuwebeerta, Mayhew og van Kesteren, 2000). Að spyrja beint

hvort viðkomandi hafi einhvern tíma á síðasta ári fundið til óryggis einn á gangi að kvöldlagi gæti einnig gefið ítarlegri mynd af öryggiskennd borgaranna. Ef svarendur muna ekki eftir upplifun af því tagi mætti túlka það sem vísbendingu um öryggiskennd svarenda í sinni heimabyggð. Fróðlegt væri einnig að greina óttann enn frekar eftir hverfum. Rannsóknir á Íslandi hafa sýnt að ótti mælist talsvert meiri þegar spurt er um öryggi fólks í miðborg Reykjavíkur að næturlagi (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 2005; Helgi Gunnlaugsson, 2008). Áhugavert væri að sjá hvort óttinn sé meiri eftir því sem búseta svarenda færast nær miðborgarkjarnanum, en vísbendingar hafa fundist um það (Snorri Örn Árnason o.fl., 2012). Ljóst er að rannsóknir á öryggiskennd borgaranna og ótta við afbrot bjóða upp á mörg spennandi tækifæri til rannsókna á íslensku samfélagi í framtíðinni.

## Skýringar

<sup>1</sup> Samkvæmt formúlunni 
$$\frac{1}{1 + e^{-(\beta_1 + \beta_2 + \beta_3 + \dots + \beta_k)}}$$

## Heimildaskrá

- Adams, Richard E. og Serpe, Richard T. (2000). Social integration, fear of crime, and life satisfaction. *Sociological Perspectives*, 43(4), 605-629.
- Adler, Freda. (1983). *Nations Not Obsessed with Crime*. Littleton, CO: Fred B Rothman & Co.
- Balkin, Steven. (1979). Victimization rates, safety and fear of crime. *Social Problems*, 26(3), 343-358.
- Balvig, Flemming. (1990). Fear of crime in Scandinavia – New reality, new theory? Í Annika Snare (ritstjóri), *Criminal Violence in Scandinavia* (bls. 89-127). Osló: Norwegian University Press.
- Bennett, Richard R. og Flavin, Jeanne M. (1994). Determinants of fear of crime: The effect of cultural setting. *Justice Quarterly*, 11(3), 357-381.
- Bennett, Trevor (1990). Tackling fear of crime. *Home Office Research Bulletin*, 28, 14-19.
- Borooah, Vani K. og Carcach, Carlos A. (1997). Crime and fear: Evidence from Australia. *British Journal of Criminology*, 37(4), 635-657.
- Burt, Marta og Estep, Rhoda E. (1981). Apprehension and fear: Learning a sense of sexual vulnerability. *Sex Roles*, 7(5), 511-522.
- Christie, Nils. (1993). *Crime Control as Industry: Towards Gulags Western Style?* London: Routledge.
- Clerici, Christian og Killias, Martin. (2000). Different measures of vulnerability and their relation to different dimensions of fear of crime. *British Journal of Criminology*, 40(3), 437-450.
- Cook, Carrie L. og Fox, Kathleen A. (2012). Testing the relative importance of contemporaneous offenses: The impacts of fear of sexual assault versus fear of physical harm among men and women. *Journal of Criminal Justice*, 40(2), 142-151.
- Covington, Jeanette og Taylor, Ralph B. (1991). Fear of crime in urban residential neighborhoods: Implications of between- and within-neighborhood sources for current models. *The Sociological Quarterly*, 32(2), 231-249.

- DeHart, Erica og Lee, Matthew R. (2007). The influence of a serial killer on changes in fear of crime and the use of protective measures: A survey-based case study of Baton Rouge. *Deviant Behavior*, 28(1), 1-28.
- Ditton, Jason og Duffy, James. (1982). Bias in the newspaper reporting of crime news. *British Journal of Criminology*, 23(2), 159-165.
- European Commission, Directorate-General Press and Communication. (2003). *Results of Eurobarometer 58.0 (Autumn 2002): Analysis of Public Attitudes to Insecurity, Fear of Crime and Crime Prevention*. [http://ec.europa.eu/public\\_opinion/-/archives/ebs/ebs\\_181\\_sum\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/public_opinion/-/archives/ebs/ebs_181_sum_en.pdf). Sótt 1. maí 2012
- Farrall, Stephen. (2004). Revisiting crime surveys: emotional responses without emotions? Or look back at anger. *International Journal of Social Research Methodology*, 7(2), 157-171.
- Farrall, Stephen, Gray, Emily og Jackson, Jonathan. (2009). *Social Order and the Fear of Crime in Contemporary Times*. Oxford: Oxford University Press.
- Farrall, Stephen, Gray, Emily og Jackson, Jonathan. (2011). Feelings and functions in the fear of crime: Applying a new approach to victimisation insecurity. *The British Journal of Criminology*, 51(1), 75-94.
- Ferraro, Kenneth F. (1996). Women's fear of victimization: Shadow of sexual assault? *Social Forces*, 75(2), 667-690.
- Franklin, Cortney A. og Franklin, Travis W. (2009). Predicting fear of crime: Considering difference across gender. *Feminist Criminology*, 4(1), 83-106.
- Garofalo, James. (1981). The fear of crime: Causes and consequences. *Journal of Criminal Law and Criminology*, 72, 839-857.
- Giacomazzi, Andrew L., McGarrell, Edmund F. og Thurman, Quint C. (1997). Neighborhood disorder, integration, and the fear of crime. *Justice Quarterly*, 14(3), 479-500.
- Gomme, Ian M. (1988). The role of experience in the production of fear of crime: A test of a causal model. *Canadian Journal of Criminology*, 30, 67-76.
- Gordon, Margaret T., LeBailly, Robert K. og Riger, Stephanie. (1978). Women's fear of crime: From blaming to restricting the victim. *Victimology*, 3, 274-284.
- Gordon, Margaret T., LeBailly, Robert K. og Riger, Stephanie. (1982). Coping with urban crime: Women's use of precautionary behaviors. *American Journal of Community Psychology*, 10(4), 369-386.
- Hagstofa Íslands. (2012). *Lykiltölur mannfjöldans 1703-2012*. <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+mannfj%F6ldans+1703%2D2012+++++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>. sótt 11. maí 2012.
- Hale, Chris. (1996). Fear of crime: A review of the literature. *International Review of Victimology*, 4, 79-150.
- Hayman, Stephanie. (2011). Older people in Canada: Their Victimization and fear of crime. *Canadian Journal of Aging*, 30(3), 423-436.
- Heath, Linda og Rosenbaum, Dennis P. (1990). The „psycho-logic“ of fear reduction and crime-prevention programs. Í J. Edwards, R. S Tindale, L. Heath og E. J. Posavac

- (ritstjórar), *Social Influence Processes and Prevention* (bls. 221-247). New York: Plenum Press.
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi: Greinasafn í afbrotufræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson og Galliher, John F. (2000). *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance, and the Creation of Crime*. Madison: University of Wisconsin Press.
- Hideg, Gegerly, Manchin, Robert, van Dijk, Jan og van Kesteren, John. (2007). *The Burden of Crime in the EU. Research Report: A Comparative analysis of the European Survey of Crime and Safety* (EU ICS) 2005). [http://www.unicri.it/documentation\\_centre/publications/icvs/\\_pdf\\_files/EUICS%20-%20The%20Burden%20of%20Crime%20in%20the%20EU.pdf](http://www.unicri.it/documentation_centre/publications/icvs/_pdf_files/EUICS%20-%20The%20Burden%20of%20Crime%20in%20the%20EU.pdf). Sótt 1. maí 2012.
- Junger, Marianne. (1987). Women's experiences of sexual harassment: Some implications for their fear of crime. *British Journal of Criminology*, 27(4), 358-383.
- Kelling, George L. og Sousa Jr., William H. (2001). Do police matter? An analysis of the impact of New York city's police reforms. *Civic Report 22*. [http://www.manhattan-institute.org/pdf/cr\\_22.pdf](http://www.manhattan-institute.org/pdf/cr_22.pdf). Sótt 16. apríl 2012.
- Kelling, George L. og Wilson, James Q. (1982). Broken windows: The police and neighborhood safety [rafræn útgáfa]. *Atlantic Monthly*, 249(3), 29-42. <http://www.codemanhero.com/download/2/Broken%20Windows%20March%201982%20Atlantic%20Doc.pdf>. Sótt 16. apríl 2012.
- Kennedy, Leslie W. og Krahn, Harvey. (1985). Producing personal safety: The effects of crime rates, police force size, and fear of crime. *Criminology*, 23, 697-710.
- Maxfield, Michael G. og Skogan, Wesley G. (1981). *Coping With Crime*. Beverly Hills: Sage.
- McGrath, John H. og Will, Jeffry A. (1995). Crime, neighborhood perceptions, and the underclass: The relationship between fear of crime and class position. *Journal of Criminal Justice*, 23(2), 163-176.
- Nieuwbeerta, Paul, Mayhew, Pat og van Kesteren, John. (2000). *Criminal Victimization in Seventeen Industrialised Countries: Key Findings from the 2000 International Crime Victims Survey*. The Hague: Research and Documentation Centre, Ministry of Justice.
- Pain, Rachel H. (1995). Elderly women and fear of violent crime: The least likely victims? A reconsideration of the extent and nature of risk. *British Journal of Criminology*, 35(4), 584-598.
- Pain, Rachel H. (2001). Gender, race, age and fear in the city. *Urban Studies*, 38, 899-913.
- Pantazis, Christina. (2000). Fear of crime, vulnerability and poverty: Evidence from the British crime survey. *British Journal of Criminology*, 40(3), 414-436.
- Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir. (2005). *Brotapólar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Þórisdóttir og Benjamín Gíslason. (2007). *Afbrot á höfuðborgarsvæðinu: Dreifing tilkynnta brota eftir svæðum og reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og afbrotum*. Reykjavík: Lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu.
- Sacco, Vincent F. (1990). Gender, Fear and victimization: A preliminary application of power-control theory. *Social Spectrum*, 10, 485-506.



- Scott, Hannah. (2003). Stranger danger: Explaining women's fear of crime. *Western Criminology Review*, 4(3), 203-214.
- Smit, Paul, Van Dijk, Jan og van Kesteren, John. (2007). *Criminal Victimization in International Perspective: Key Findings from the 2004-2005 ICVS and EU ICS*. The Hague: Boom Juridische uitgevers.
- Snorri Örn Árnason, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2012). *Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim: Viðhorfskönnun meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins*. Reykjavík: Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu.
- Stanko, Elizabeth A. (1994). Challenging the problem of men's individual violence. Í T. Newburn og E. A. Stanko (ritstjórar), *Men, Masculinities and Crime: Just Boys Doing Business?* (bls 32-45). London: Routledge.
- Swaray, Raymond. (2007). On the relationship between the public's worry about safety from burglary and probabilities of burglary: Some evidence from simultaneous equation models. *Social Indicators Research*, 80, 361-378.
- Tseloni, Andromachi og Zarafonitou, Christina (2008). Fear of crime and victimization: A multivariate multilevel analysis of competing measurements. *European Journal of Criminology*, 5(4), 387-409.
- Warr, Mark. (1984). Fear of victimization: Why are women and the elderly more afraid? *Social Science Quarterly*, 65(3), 681-702.
- Warr, Mark. (1985). Fear of rape among urban women. *Social Problems*, 32(3), 238-250.
- Widdop, Sally E. (2007). *European Social Survey Codebook: Round 1 and Round 2*. London: Center for Comparative Social Surveys.
- Zedner, Lucia. (2002). Victims. Í M. Maguire, R. Morgan og R. Reiner (ritstjórar), *The Oxford Handbook of Criminology. Third Edition* (bls. 419-456). New York: Oxford University Press.

## Um höfunda

Jónas Orri Jónasson (joj16@hi.is) er meistaranemi í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hann lauk B.A.-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 2011.

Dr. Helgi Gunnlaugsson (helgigun@hi.is) er prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hann lauk B.A.-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1982, meistaraprófi í félagsfræði frá Missouriháskóla árið 1985 og doktorsprófi í félagsfræði með áherslu á afbrotafræði frá sama skóla árið 1992. Rannsóknir hans eru einkum á sviði viðhorfa til afbrota og refsinga og áfengis- og vímuefnamála.